



Greinargerð um framkvæmd samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Starfsáætlun Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir árið 2018 hefur staðist að öllu leyti það sem af er ári og starfið gengið vel. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti starfseminnar.

Rannsóknastarf

Rannsóknaverkefni Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum sem áætluð voru á starfsárinu eru í fullum gangi. Hjá Náttúrustofunni hefur meðal annars verið unnið að rannsóknum á landnámi grjótkrabba, vistfræði fjara á Reykjanesskaganum og kortlagningu vetrarferða sjófugla það sem af er ári. Rannsóknir á landnámi griphvelju og glærmöttuls eru að hefjast en Náttúrustofan fékk þriggja milljóna króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til rannsókna á því síðarnefnda. Til viðbótar er unnið að ýmsum smærri verkefnum og vöktunarverkefnum árið um kring, eins og vöktun bjargfugla, rjúpna, fiðrilda og skólpmengunar auk þess sem stofan vinnur að samstarfsverkefnum með Þekkingasetri Suðurnesja og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum.

Hjá Rannsóknasetri HÍ fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum á árinu. Áhrif ýmissa efna á krækling og krabbadýr hafa verið rannsökuð með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðanna við umhverfisvöktun metin. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans hafa haldið áfram og sömuleiðis árleg mengunarvöktun fyrir Umhverfisstofnun þar sem kræklingi er safnað og hann rannsakaður. Rannsóknir á nákuðungi og athugun á örplasti í lífríki sjávar við Ísland eru verkefni sem Rannsóknasetrið mun auk þess sinna fyrir Umhverfisstofnun. Forstöðumaður setursins er í vinnuhópi á vegum ICES er lýtur að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og fór hann ásamt líffræðingi setursins á árlegan fund samtakanna sem haldinn var á Korsíku í apríl síðastliðnum.

Helstu verkefni hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins það sem af er ári hafa helst snúið að fuglarannsóknum, bæði sem hluti af rannsóknum í samstarfi við aðra, sem þjónustuverkefni fyrir fyrirtæki á svæðinu auk verkefna tengdum styrkjum úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Þekkingarsetrið tók að sér þjónustuverkefni fyrir Isavia ohf. í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands sem felur í sér úttekt á fuglalífi á svæði Isavia á Keflavíkurflugvelli. Svæðið er um 7.800 hektarar og felur úttektin í sér talningu varpfugla, vöktun umferðarfugla og

greiningu á árekstrarfuglum. Verkefnið nær yfir eitt ár og er mjög spennandi þar sem jafn víðtæk úttekt á svæðinu hefur ekki farið fram áður.

Setrið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja fyrir verkefni sem snýr að innleiðingu samfélagsvísinda í setrinu og stoðstofnunum þess í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands, Reykjanes Geopark og GeoCamp Iceland. Markmiðið með verkefninu er að innleiða samfélagsvísindi á Suðurnesjum og þróa afmörkuð verkefni ætluð almenningi, sem eru hluti af raunverulegum vísindarannsóknum. Mögulegur ávinningur af verkefninu er aukin umhverfisvitund og umhverfisvernd íbúa á Suðurnesjum og betri möguleikar þeirra stofnana er standa að því, til tengingar út í nærsamfélagið. Fyrsti liður í verkefninu er kortlagning sílamáfavarpsins á Miðnesheiði og hafa líffræðingar setursins og Náttúrustofunnar sett saman leiðbeiningar varðandi þátt almennings í framkvæmd hennar. Ákveðið var að gera viðburð úr þessu sem hluta af dagskrá Geopark vikunnar á Reykjanesi 4.-9. júní á vegum Reykjanes Geopark, sem Þekkingarsetrið er aðili að, og átti kortlagningin að fara fram seinni part föstudagsins 8. júní. Því miður skráði sig enginn til leiks svo gerð var önnur tilraun með fólki sem tengist stofnununum síðar sömu helgi. Sú framkvæmd gekk mjög vel og gott var að prufukeyra leiðbeiningarnar sem höfðu verið útbúnar. Viðburðurinn innan Geopark vikunnar hafði verið auglýstur af Reykjanes Geopark, Markaðsstofu Reykjanes, Þekkingarsetrinu og Náttúrustofunni en það dugði ekki til. Líklega hentar illa að tímasetja viðburði aðliggjandi helgarfríi á sumrin og verður það haft í huga við skipulagningu frekari viðburða í tengslum við verkefnið.

Þekkingarsetrið er aðili að verkefni sem Reykjanes Geopark stýrir og fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að vinna. Markmiðið með verkefninu er að þróa nýjan talsmann eða talsmenn, í formi teiknimyndapersónu, fyrir Reykjanes og Jarðvanginn sérstaklega hugsaðan til að koma upplýsingum og fróðleik á framfæri við börn og ungmenni. Auk þess verður skrifuð barnabók um persónurnar og svæðið. Vinna við þetta er langt komin og hefur falið í sér umræður og fundi samstarfsaðila.

Þriðja verkefnið sem sömu aðilar hafa unnið að síðustu ár: Þekkingarsetrið, Náttúrustofa Suðvesturlands, Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjanes, er fuglaskoðunarkort af Reykjanesi. Lokavinna við kortið fór fram á fyrri hluta ársins og komu fyrstu eintökin af kortinu úr prentun nú í maí. Áfram verður unnið að rafrænu útgáfu kortsins á næstu mánuðum en hún verður hluti af síðu Markaðsstofunnar www.visitreykjanes.is

Það sem af er ári hefur Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur Þekkingarsetursins, komið að rannsóknum á farháttum og vetrarsvæðum íslenska kjóans á vegum Háskóla Íslands, rannsókn á áhrifum umhverfis og lýðfræði á farhætti tjalda á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi í samstarfi við Þekkingarsetrið, rannsókn á farháttum og líkamsástandi sanderla og annarra vaðfugla á fari um Reykjanes sem University of Groningen stýrir í samstarfi við HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetrið; rannsókn á heilbrigði strandfugla á Suðurnesjum á vegum HÍ, U.S. Geological Survey, Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetursins og loks rjúpna- og vetrarfuglatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Til viðbótar hefur Sölvi ásamt líffræðingum Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs HÍ tekið á móti fjölda hópa, sér í lagi hópum af erlendum framhaldsskólanemum á vegum

GeoCamp Iceland, kynnt fyrir þeim rannsóknirnar sem unnið er að hjá stofnununum og sýnt þeim rannsóknaaðstöðuna við góðar undirtektir. Fyrsta ritrýnda grein Sölva Rúnars sem meðhöfundur, birtist í vor í tímaritinu *Bird Study* sem er mikils metið innan fræðasamfélagsins. Í greininni, Population size of Oystercatchers *Haematopus ostralegus* wintering in Iceland, er fjallað um sameiginlega rannsókn nokkurra stofnana og fræðimanna á vetrarstöðvum tjalda á Íslandi sem staðið hefur yfir síðastliðin tvö ár og enn er unnið að.

Rannsóknaaðstaða

Blautrými Þekkingarsetursins hafa verið vel nýtt það sem af er þessu ári. Stærra blautrýmið hefur síðan í lok árs 2015 verið nýtt af fiskeldisfyrirtækinu Stofnfiski til ræktunar hrognkelsa og hafa þeir gert leigusamning við setrið út þetta ár. Stofnfiskur byggði upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á vafalaust eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu. Í minna blautrýminu er unnið að doktorsverkefni sem snýr að því að rannsaka áhrif sjávarfalla á efnasamsetningu stórþara.

Vonast er til að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nýti minna blautrými Þekkingarsetursins á komandi mánuðum.

Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess eru aðilar að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Verkefnið er fjármagnað með styrk úr Horizon 2020 sjóð Evrópusambandsins. Fundur fyrir forstöðumenn rannsóknastöðva sem eiga aðild að samtökunum var haldinn í bænum Brixen á Norður-Ítalíu í mars síðastliðnum og sótti forstöðumaður Þekkingarsetursins fundinn sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Ársfundur samtakanna verður haldinn í lok september í Síberíu og munu forstöðumaður setursins og Náttúrustofu Suðvesturlands sækja fundinn. Alls bárust Þekkingarsetrinu fjórar umsóknir í gegnum INTERACT í ár um ýmist svokallaðan Transnational Access (TA) sem felur í sér vinnuheimsóknir erlendra vísindamanna í setrið, eða Remote Access (RA) en þá sækjast vísindamenn eftir því að starfsfólk Þekkingarsetursins sjái um sýnatökur fyrir sig í ákveðnum verkefnum. Þrjár umsóknir af þeim fjórum sem bárust voru samþykktar af setrinu í ár. Einn hópur kemur í gegnum TA í haust og aftur á næsta ári og líffræðingur Þekkingarsetursins mun sjá um sýnatökur í tveimur RA verkefnum er snúa að loftslagsbreytingum, annars vegar söfnun á sveppagró í lofti og hins vegar söfnun á úrkomu. Þetta er í fyrsta skipti sem setrið tekur svona verkefni að sér og verður áhugavert að sjá hvernig þau munu ganga og hverju þau munu skila. Þátttaka í öðru RA verkefninu felur í sér að Þekkingarsetrið verður skráð samstarfsaðili að rannsókninni.

Það sem af er ári hafa fjórir erlendir vísindamenn dvalið í Þekkingarsetrinu. Í sumar verður mikið að gera því þrír sjálfboðaliðar verða hér í nokkra mánuði að taka þátt í verkefnum setursins, Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs HÍ. Þá mun einn erlendur vísindamaður dvelja hér allan júnímánuð við rannsóknir á burstaormum. Í ágúst mun síðan áhöfn rannsóknaskips sem vinnur að verkefninu IceAge hafa aðsetur hér til greiningarvinnu.

Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs

Alls vinna fimm meistara- og doktorsnemar í líffræði að rannsóknnum sínum í Þekkingarsetrinu á þessu ári. Þá komu líffræðinemendur úr HÍ í vel heppnaða vísindaferð í Þekkingarsetrið í lok janúar.

Þekkingarsetrið tók haustið 2015 að sér verkefni fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019. Verkefnið kallast Úrbætur í menntamálum og byggir á tillögum sem unnar voru af stýrihópi á vegum SSS og kynntar í samantektarskýrslu sem kom út sumarið 2014. Vinna í tengslum við verkefnið það sem af er þessu ári hefur einna helst snúið að samskiptum við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar vegna samstarfsverkefna og skipulagningu starfsgreinakynningar fyrir nemendur 8. og 10. bekkjar á Suðurnesjum, en hún verður haldin 10. október næstkomandi. Kynningin verður með sama sniði og síðustu ár og mun vonandi ganga jafn vel og fyrri kynningar sem setrið hefur séð um skipulagningu á. Verkefnið Úrbætur í menntamálum lýkur um næstu áramót og að starfsgreinakynningu lokinni verður samantektarskýrsla vegna verkefnisins unnin fyrir SSS.

Símenntun og samstarf við menntastofnanir og fyrirtæki

Tvö símenntunarnámskeið voru í boði á vorönn 2018 í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), annars vegar fræðsluerindi um matarsóun og leiðir til að draga úr henni. Rannveig Magnúsdóttir, verkefnastjóri hjá Landvernd hélt erindið sem Nettó kostaði og gerði setrinu þannig mögulegt að bjóða upp á það, en aðgangur var ókeypis. Hins vegar hélt Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, fræðsluerindi um flækingsfugla á Suðurnesjum sem einnig var þátttakendum að kostnaðarlausu. Uppákoman var haldin í samstarfi við samtökin Fuglavernd sem tóku þátt í að auglýsa viðburðinn og stóðu sig mjög vel í því. Að endingu varð þetta eitt af fjölmennustu námskeiðunum sem Þekkingarsetrið hefur staðið fyrir í samstarfi við MSS og mikil ánægja með það.

Þekkingarsetrið tók þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum sem var haldin 10. – 11. mars með helgaropnun og ókeypis aðgangi að sýningum. Setrið var mjög vel sótt þessa daga en tæplega 400 manns komu í heimsókn.

Þann 25. apríl síðastliðinn tók starfsfólk Þekkingarsetursins, Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum þátt í átakinu Hreinum Ísland sem Landvernd og Blái herinn standa fyrir. Fjaran frá setrinu var gengin að Flankastöðum og hreinsuð auk umhverfis tjarnarinnar á móti setrinu. Nokkur tonn af rusli voru fjarlægð af svæðinu.

Metfjöldi nemenda af öllum skólastigum hefur komið í heimsókn í Þekkingarsetrið það sem af er ári og hafa grunnskólar verið fjölmennastir í þeim hópi, eða 22 skólar af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, og rúmlega 1.200 nemendur. Nokkrir leikskólar hafa verið í hópi gesta á þessum fyrstu mánuðum ársins auk nokkurra nemendahópa frá Bandaríkjunum og Danmörku.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræði-

greinum við lok vorannar 2018. Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, GeoCamp Iceland og Keili hefur verið talsvert vegna heimsókna nemendahópa og annarra verkefna.

Sjötti ársfundur Þekkingarseturs Suðurnesja var haldinn 18. maí síðastliðinn. Þar var farið yfir starfsemi og ársreikning síðasta árs, starfsáætlun ársins í ár var kynnt auk þess sem Dr. Ó. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands og Daniel Coaten, doktorsnemi við HÍ og stjórnarmaður hjá Þekkingarsetrinu, kynntu verkefni sem þeir vinna að um þessar mundir. Að ársfundi loknum var haldinn afmælisfögnuður í tilefni af 70 ára afmælis Reynis Sveinssonar 2. júní síðastliðinn og starfslokum hans hjá Þekkingarsetrinu. Reynir starfaði lengi sem forstöðumaður Fræðasetursins í Sandgerði og áfram sem starfsmaður Þekkingarsetursins eftir stofnun þess. Hann átti mikinn þátt í uppbyggingu Fræðasetursins og hefur sinnt móttöku hópa á sýningar Þekkingarsetursins ötullega.

Ráðstöfun fjárframlags

Ráðstöfun fjárframlags hefur að mestu verið eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2018 og má sjá yfirlit yfir tekjur og gjöld á fyrstu fimm mánuðum ársins, í samanburði við rekstraráætlun, á næstu blaðsíðu.

Staða bókhalds Þekkingarseturs Suðurnesja 31. maí 2018:

	Áætluð gjöld 2018	Áætlaðar tekjur 2018	Gjöld 1.1. – 31.5.	Tekjur 1.1. – 31.5.
Fjármagn frá Menntamálaráðuneyti		17.000.000		7.200.000
Fjármagn frá Sandgerðisbæ		6.240.000		6.412.923
Tekjur vegna útseldra verkefna		4.455.000		15.540
Leigutekjur vegna húsnæðis		3.600.000		1.500.000
Tekjur vegna leigu á aðstöðu		7.100.000		2.754.000
Tekjur vegna aðgangseyris		700.000		131.590
Styrkir		1.500.000		50.000
Starfsmannasjóður og innvextir		60.000		0
INTERACT		0	107.015	0
Laun og launatengd gjöld	25.900.000		11.642.331	
Rekstur húsnæðis	11.317.000		4.429.039	
Rekstur skrifstofu	2.962.263		1.818.395	
Samtals	40.179.263 kr.	40.655.000 kr.	17.996.780 kr.	18.064.053 kr.